

LÍF OG ÁST

I

Óteljandi eru þær ástarsögur, sem skrifaðar hafa verið, og margar ágætar, en til skýringar á eðli ástarinnar verður varla annað sagt en að fátt eitt hafi fram komið og af ónóginum skilningi ritað. Ég hefi í þeim kafla Nýals sem heitir „Saga ástarinnar“ (s. 360—369) leitast við að skýra sumt sem sérstaklega þýðingarmikið er í þeim efnum, nokkru gjör en áður hafði verið gert, og mun ég ekki hér endurtaka það sem þar er sagt, heldur bæta nokkru því við, sem mér helst virðist þörf á til aukins skilnings.

II

Furðu merkileg vél er þessi líkami vor, eða réttara sagt, samsafn af vélum og tækjum. Þar er grind af steinefni ger, merkilegur útbúnaður til að tengja saman hina ýmsu hluti grindarinnar og hreyfa hana, tæki til að öðlast vitneskju um það sem í kringum oss er og fram fer, útbúnaður til þess að gera við það sem bilar og bæta slit. En þó situr ekki þar við. Nokkur hluti þeirra milljóna af frumum sem mannslíkaminn er gerður af og hver einstök svarar til fyrstlingsins, vors fyrsta foreldris, er gæddur þeim hæfileika að geta skipst og vaxið þannig, að ný lífvél, nýr maður verður af. Er tvenn gerð á frumum þessum, eins og kunnugt er, í tvennskonar mannslíkönum, karlmanns og kvenmanns, og mjög miklu færri og stærri þær sem eru í líkama konunnar. Það getur nú ekki verið efamál að bæði í kynfrumum karls og konu býr hæfileiki til að geta orðið að nýjum manni, en þó fær ekki sá hæfileiki notið sín nema karl- og kvenfruma sameinst. Er sagan af þeirri sameiningu og samstillingu býsna

merkileg, og nægir þar ekki að tala einungis um víxlmannan, eins og ég hefi gert í áðurnefndri ritgerð í Nýal, sameiningin er skilyrði fyrir því, að sú magnan geti orðið frá hinum skapandi krafti, sem hrindir hinni nýju samstilltu frumu fram til vaxtar og þroska. Er þar nú mjög eftirtektarvert, eins og einkum Ernest Haeckel hefir bent á, hvernig sköpunarsaga einstaklingsins er, á nokkrum mánuðum, eins og ágrip af sköpunarsögu mannkynsins, allt frá fyrstlingnum, á hundruðum ármilljóna.

III

Um það bil er unglingsarnir fara að nálgast fullan vöxt, þroskast í líkama þeirra slíkar frumur sem þeir eru vaxnir af; hinir ungu einstaklingar verða kynþroska, og jafnframt fer að gera vart við sig í brjósti þeirra knýjandi löngun til þeirra atlota karls og konu, sem nauðsynleg eru ef kynfrumurnar eiga að geta fundist og sameinast. Vanalega er þessari þrá ekki fullnægt fyrr en nokkrum árum (oft ekki allfáum) eftir að hún er vöknud, eða þá henni er fullnægt, eða leitast við að fullnægja henni, öðruvísi en hollt er og heppilegt. Ræðir hér um það sem óhætt er að segja að ekki hafi verið gefinn sá gaumur sem skyldi. Mér er enn í minni frá unglingsárum mínum, er ég var að leita mér fróðleiks um þetta mál, hversu fávíslega var um þetta ritað og ónóglega, jafnvel þó að læknisfróðir menn væru höfundarnir. Það var engu líkara en að um einhverja ónáttúru væri að ræða, sem aðeins riði á að stríða á móti, og að skaðlausu yrði bæld niður. Þó ber því ekki að leyna, að sum hin ágætustu skáld og spekingar hafa farið um það hinum alvarlegustu orðum, hversu þessi unglingsár sem hinni sterku ástarþrá er ekki svalað, geta verið erfið. Þannig talar August Strindberg um „långa års kval,“ og Schopenhauer telur barnsárin áður en ástarþráin vaknar, langbesta — eða skársta — kafla mannsævinnar. Það er þó ekki hægt að gera sér fullkomlega grein fyrir því hversu alvarlegt mál hér er um að ræða, fyrr en menn vita af magnaninni fyrir samband við skapandi kraft. Fyrir sameining og samstilling tveggja fæst það samband við hinn líf-

magnandi kraft sem hrindir hinni nýju frumu, upphafi einstaklingsins, hins nýja manns, fram til vaxtar og þroska. Þegar þar tekur af skriðinn, fer vexti og þroska að verða lokið. Og þá þarf nýrrar magnanar við, ef fullum þroska á að verða náð. Það er þessi þörf sem gerir svo alvarlega vart við sig í brjósti unglingsins. Samband það sem svo nauðsynlegt er, fæst fyrir samstilling tveggja í ást. Hér ræðir um mikið vandamál, því að ekki er svo að skilja, að með léttuð og lausung geti fengist sú bót sem nauðsyn er á. Hjónabönd þurfa að geta tekist nógu snemma. Eitt af því sem ávinnast mundi er sennilega það, að fæðingar mundu ekki verða eins erfiðar. Í þeim eftirnum er langverst komið fyrir hinum hvíta hluta mannkynsins, en þar takast ástir vanalega mun seinna en hjá gulum, brúnum og svörtum. Ég hefi ekki orðið þess var, að sá skilningur sé til, eða a. m. k. nægilega almennur, að þarna er um að ræða þjóðfélagsmálefni, sem hið mesta ríður á að koma í rétt horf. Auðvelt er og hættulaust að stilla svo til, að börn komi ekki til sögunnar fyrr en þeim verður sú viðtaka veitt sem þarf. Og þegar réttar verður lifað, mun fólkini fara svo fram að fegurð og öllu atgervi, að hverjum verður vandræðalaust að finna sér maka við sitt hæfi.

IV

Það er eitt til marks um íslenskan þjóðarþroska á þeim tínum er kallaðir hafa verið gullold þjóðarinna, hversu þessum málum var þá komið. Fólkisíð var svo vel gert, að þó að feðurnir veldu fyrir börnin, þá virðist árangurinn oft eða jafnvel vanalegast, hafa verið farsælt hjónaband. Höskuldur Dalakollsson velur fyrir Ólaf son sinn, sem talinn var fallegasti maður á Íslandi, stúlku, sem Ólafur hafði, að því er virðist, aldrei séð, og stúlkan, Þorgerður Egilsdóttir, er þá svo vel gerð, að þau verða stórhrafifin hvort af öðru þegar er þau sjást, og lifa í hamingjusömu hjónabandi. Var sonur þeirra Kjartan, sem Snorri hefir um þau orð, að hann hafi verið „allra manna mestur og fríðastur“ og kallaður „mannvænstr maður þeira, er fæzk hafi á Íslandi.“ Um Gissur

Þorvaldsson (Gissur jarl) er það sagt, að hann var aðeins 15 ára þegar hann kvæntist, en Ingibjörg Sturludóttir ekki nema 13 ára þegar hún giftist syni hans. Fór það eins og kunnugt er (Flugumýrbrenna). Ingibjörg var aðeins 21 árs þegar hún giftist aftur, og hafði þó verið ekkja í 8 ár.

V

Maðurinn eins og hann skapast á þeim jarðstjörnum sem nefna má útjaðar vitheims, er mesta vandræðaskepna, sem hinum æðri verum — þessum sem menn í slíkum stöðum, vita annaðhvort alls ekki af, eða gera sér þá mjög fjarstæðar hugmyndir um — veitir býsna erfitt að koma á hinu réttu leið. En það er að stefna að því stórkostlega takmarki sem er alsamstilling lífsins í alheimi, eða það sem ég hefi nefnt Hýperzón. En þegar vér höfum komið auga á þetta takmark, verður ástin ennþá íhugunarverðari og jafnframt skiljanlegri en áður. Vér sem nú lifum erum til orðnir fyrir ástarsamband óteljandi forfeðra og formæðra á undangengnum öldum og árbúsundum. Óteljandi formæður og forfeður hafa lagt saman í hvern einstakling núlifandi kynslóðar, þannig að vér erum vaxin af örsmáum hlutum úr líkönum þeirra allra. Það er eigi einungis, að hver einstaklingur sé samsettur af ótal frumum, heldur geyma þessar frumur í sér verðimegund ótal einstaklinga sem þær eru runnar frá. Og eigi einungis það, heldur geyma einstaklingar núlifandi kynslóðar í sér verðimegund ótal sömu forfeðra og formæðra. Það virðist í augum uppi, að þetta ásigkomulag hlýtur að greiða fyrir þeirri samstillingu sem verða á, og verður stórum fróðlegra þegar hún er höfð í huga.